

BORGARRÁÐ 8. september 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir í leikskólamálum – MSS22090035

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundasvið fari í kraftmeiri aðgerðir í leikskólamálum. Það sem verið er að gera reynist vera hálfgerð hálfkák, skilar ekki árangri nógu hratt. Þær 6 tillögur sem meirihlutinn lagði fram fyrir skemmstu duga ekki til. Hluti þeirra lýtur auk þess að framtíðarlausnum sem hjálpa ekki þeim foreldrum sem núna eru í vandræðum og komast ekki til vinnu af því að þeir fá ekki leikskólapláss fyrir börn sín. Það eru ekki aðeins foreldrar sem ekki komast til vinnu, börnin fá heldur ekki tækifæri til að hitta önnur börn. Leggjast þarf yfir þessi mál að nýju og finna alvöru lausnir og að það séu kynnt úrræði sem að virka núna en ekki á næsta ári. Horfa þarf út fyrir boxið. Foreldrar geta þegið margs konar aðstoð ýmist í formi styrkja eða sem dæmi að skipta leikskólaskólaplássi milli tveggja barna, allt eftir því sem foreldrar sjá sér hag í. Aðstæður fólks eru mismunandi. Allt er betra en ekki neitt. Finna þarf leiðir til að nýta innviðina og mannauðinn en ekki bara bíða eftir að nýir skólar verði byggðir og að nýtt starfsfólk verði ráðið. Það þarf að vinna hratt og gera betur.